

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/67**  
**komudagur 10.11.2011**

Nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
nefndasvid@althingi.is,  
150 Reykjavík.

Akureyri, 10.11.2011

**Efni:** Umsögn um þingsályktun um grænt hagkerfi.

Skógrækt ríkisins hefur fengið til umsagnar tillögu og skýrslu að þingsályktun, þingskjal 7–7. mál um grænt hagkerfi. Þingnefndin gerir í skýrslu sinni grein fyrir aðgerðum sem eiga að stuðla að eflingu hins grænna hagkerfis.

Skýrslan er ítarleg og fjallað er um fjölmarga þætti sem ætlað er að skýra og styrkja grænt hagkerfi á Íslandi. Umfjöllun Skógræktar ríkisins við þingsályktun þessa fjallar þó helst um þátt sem virðist vanta í umfjöllun nefndarinnar, en er þó fyrir hendi í íslensku þjóðfélagi og hefur verið lengi.

Skógrækt ríkisins er ein af elstu stofnunum ríkisins, stofnuð með lögum frá Alþingi 1907 og hefur nú í rúm 100 ár unnið að því að efla hið græna hagkerfi Íslands með því að endurheimta skóga og skapa á landinu skógarauðlind til nútíðar og framtíðar. Vart þarf að nefna ástand skóga á Íslandi í upphafi 20 aldar, en þá var skógarþekja landsins vel innan við 1% af flatarmáli landsins samanborið við 25-40% við landnám.

Skógrækt ríkisins gerir athugasemdir við málið eins og það er lagt fram í þingskjali 7–7 og leyfir sér að vekja athygli á að skógrækt á Íslandi stuðlar mjög að þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnumótun tillögunnar í liðum merktum a. til h. Sérstaklega er vakin athygli á lið e. þar sem fjallað er um fjölgun grænna starfa og lið f. þar sem fjallað er um græna fjárfestingu. Fátt gæti betur fallið að þessari stefnumörkun en skógrækt.

Skógrækt ríkisins leggur þess vegna til að nýjum 49. lið verði bætt við tillöguna, sem hljóðar svo:

49. Stutt verði við þau áform sem koma fram í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95 13 júlí 2006 og kveða m.a. á um að skógur verði ræktaður á 5% lands undir 400 m hæð. Einnig verði stuðningur aukinn við önnur verkefni er snúa að uppbyggingu skógarauðlindar og þróun á sjálfbærri nýtingu hennar. Skógrækt er atvinnuskapandi og umhverfisbætandi, ekki hvað síst um vernd jarðvegs og vatns og til að stemma stigu við loftslagsbreytingar. Fjárfesting í skógrækt stuðlar að grænu hagkerfi og leggur fjársjóð í hendur framtíðar.

F.h. Skógræktar ríkisins,

\_\_\_\_\_  
Hallgrímur Indriðason  
-skipulagsfulltrúi-